

SAMKOMULAG

MILLI

**HINS SAMEINNAÐA KONUNGRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-
ÍRLANDS**

OG

LÝÐVELDISINS ÍSLANDS

**UM AÐ EFLA
TVÍHLIÐA SAMSTARF Í VARNAR- OG ÖRYGGISMÁLUM**

Ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands („Bretland“) og ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands („Ísland“), sem saman er vísað til sem „þátttakendur“, sem:

- viðurkenna þá hagsmuni, það gildismat og þær ábyrgðir sem Bretland og Ísland hafa átt sameiginlega frá fornu fari og sameiginlegan skilning beggja þjóða á stefnumiðum í varnar- og öryggismálum;
- áréttta hin jákvæðu tvíhliða samskipti Bretlands og Íslands;
- eru ákveðin í að takast á við sameiginlegar áskoranir og efla frið og öryggi á alþjóðavísu innan ramma skuldbindinga sinna gagnvart Sameinuðu þjóðunum og í samræmi við Heimsmarkmiðin.
- vilja efla aðgerðagetu beggja þjóða og tryggja aukna samstarfshæfni með samstarfi í varnar- og öryggismálum,
- eru staðráðin í að byggja á og efla það samstarf í varnar- og öryggismálum sem er til staðar milli Bretlands og Íslands,
- hafa í huga réttindi þeirra og skyldur samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum og staðfesta að aukin samvinna á sviði varnar- og öryggismála muni styrkja samband þeirra í þágu Atlantshafsbandalagsins („NATÓ“) í heild,
- staðfesta að evrópskar bandalagsþjóðir og samstarfsaðilar, svo sem Bretland og Ísland, ættu að halda áfram að vinna að því saman að auka áhrifamátt og skilvirkni aðgerða sinna í varnar- og öryggismálum með því að leitast við að þróa nýjar leiðir í tvíhliða og fjölþjóðlegu varnar- og öryggismálasamstarfi,
- hafa í huga mikilvægi varfærinnar og hóflegar meðferðar fjármuna og viðurkenna þær takmarkanir er varða fjárhag og föng sem báðar þjóðirnar standa frammi fyrir,
- taka tillit til ákvæða samningsins milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra („NATO-SOFA-samningurinn), frá 19. júní 1951,
- taka tillit til ákvæða samkomulagsins milli Bretlands og Íslands um gagnkvæman stuðning í birgðastjórnun sem var undirritað [DAGSETNING],

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. Tilgangur

1.1 Tilgangur þessa samkomulags er að styrkja í sessi pólitískan vilja og ásetning þátttakenda um að þróa og efla tvíhliða samvinnu í varnar- og öryggismálum á friðartímum og leitast við að greina ný samstarfssvið þegar það er í þágu beggja aðila.

1.2 Samkomulagið kemur í stað fyrra samkomulags um samstarf á sviði varnar- og öryggismála milli Bretlands og Íslands sem undirritað var 12. maí 2008.

2. Samstarfssvið

2.1 Þátttakendur hafa ákveðið í meginatriðum, með fyrirvörum um fullt og viðeigandi samráð og gagnkvæmt samþykki, að efla tvíhliða samvinnu á sviði varnar- og öryggismála, eins og fjármagn leyfir, á viðkomandi sviðum.

Varnarmál

- a. Að því er varðar stefnu í varnar- og öryggismálum,
- b. eftirlit í lofti og á sjó,
- c. upplýsingaskipti,
- d. þjálfun og fræðslu,
- e. varnar- og öryggisæfingar,
- f. starfsmannaskipti.

Öryggi

- g. Að því er varðar löggæslu,
- h. tölvubrot yfir landamæri og kynferðislega misnotkun á börnum á netinu,
- i. hryðjuverkavarnir og viðbrögð við ofbeldisfullum öfgastefnum,
- j. alvarlega og skipulagða glæpastarfsemi, nútíma þrælalald, ólöglega fólksflutninga og mansal,
- k. netöryggi,
- l. leit og björgun,
- m. áhættu og hættustjórnun,
- n. þróun kynjajafnréttisstefnu, þ.m.t. framfylgd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 og

o. áhrif loftslagsbreytinga á öryggismál.

3. Samráðsfundir og endurskoðun

3.1 Þátttakendur munu sækja samráðsfundi um varnar- og öryggismál með fulltrúum frá íslenska utanríkisráðuneytinu og breska utanríkis- og samveldismálaráðuneytinu og varnarmálaráðuneytinu ásamt öðrum ráðuneytum og stofnunum eftir því sem við á, til þess að ræða stöðu, forgangsatríði og framgang í tvíhliða varnar- og öryggissamstarfi þeirra, eins og sett er fram í málsgrein 2.1., og tilgreina nýjar hliðar á samstarfinu.

4. Birgðastjórnun

4.1 Þátttakendur munu veita hvor öðrum gagnkvæman stuðning í birgðastjórnun í samræmi við ákvæði samkomulagsins milli Bretlands og Íslands um gagnkvæman stuðning í birgðastjórnun, undirritaður [DAGSETNING].

5. Réttarstaða liðsafla

5.1 Um mál sem varða réttarstöðu, lögsögu, aga og skaðabætur í tengslum við herafila og starfsfólk þátttakenda sem tekur þátt í starfi samkvæmt þessu samkomulagi fer eftir ákvæðum NATO-SOFA-samningsins.

6. Kostnaður

6.1 Hvor þátttakandi ber sinn kostnað af eigin aðgerðum samkvæmt þessu samkomulagi nema annað sé ákveðið af þátttakendum eða í samræmi við tæknilegar ráðstafanir sem samþykktar eru innan ramma þess. Þetta samkomulag tekur ekki til flutnings fjármagns frá öðrum þátttakanda til hins.

7. Lausn deilumála

7.1 Sérhvert deilumál um túlkun eða beitingu þessa samkomulags verður leyst með samráði þátttakenda á lægsta mögulega stigi og verður slíku deilumáli ekki vísað til neins innlands eða alþjóðlegs dómstóls eða annars þriðja aðila til úrlausnar.

8. Almenn ákvæði

8.1 Samkomulag þetta kemur til framkvæmda þegar báðir aðilar hafa undirritað það. Starfað verður eftir því þar til því er slitið.

8.2 Gera má breytingar á samkomulagi þessu með gagnkvæmu skriflegu samþykki þátttakenda.

8.3 Hvor þátttakandi fyrir sig getur sagt þessu samkomulagi upp með skriflegri tilkynningu sem afhent er hinum þátttakandanum. Sú uppsögn tekur gildi 120 dögum eftir að hinn aðilinn hefur móttengið tilkynninguna.

Í ofangreindu er falið það samkomulag sem þátttakendur hafa gert um þau málefni sem þar greinir.

Undirritað í tvíriti [STAÐSETNING] þann [DAGSETNING] á ensku og íslensku og hafa báðar útgáfur jafnt gildi.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Sameinaða konungsríkisins
Stóra-Bretlands og
Norður-Írlands

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands

[UNDIRSKRIFT]
(NAFN)
[STARFSHEIT/STAÐA]

[UNDIRSKRIFT]
(NAFN)
[STARFSHEIT/STAÐA]